



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskóli Félagsstofnunar stúdenta

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024 - 2025.....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4 Innra mat allra deilda	8
5 Innra mat sérkennslu.....	12
6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	13
7 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2025-2026	14
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
10 Foreldrasamvinna.....	15
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
12 Fylgiskjöl	16



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þar sem leikskólarnir Mána- og Sólgarður eru sameinaðir í dag í Leikskóla Félagsstofunar stúdenta verður einungis einni starfsáætlun skilað fyrir báðar starfsstöðvar. Stjórnendateymi leikskólans hefur ekki tekið ákvörðum um hvernig þetta verður í framtíðinni en svona verður þetta í ár.

Árið 2024 var erfitt á fyrir leikskóla stúdenta. Þó að skólarnir hafi ekki verið að fullu sameinaðir eins og þeir eru í dag, var sú vinna farin af stað þegar upp kemur E-coli smit á Mánagarði í október. Segja má að allt innra starf hafi beðið hnekkis af þessum miklu hörmungum, önnur verkefni og aðrar áherslur áttu hug okkar allan. Má þar helst telja upplýsingagjöf og utanumhald við foreldra og starfsfólk leikskólans.

Sólgarður reyndi að fremsta megni að styðja við Mánagarð þó erfitt væri að stíga inn í foreldra- og starfsmannamál.

Mánagarður varð að loka eldhúsinu í kjölfar hörmunganna og tók inn Skólamat. Það er skemmst frá því að segja að þungu fargi var létt af stjórnendum en ánægja starfsfólks, foreldra og barna var lítil.

Mánagarður var lokaður í tvær vikur meðan verið var að koma starfseminni aftur í gang en við erum enn að klást við vandamál sem sprottið hafa upp frá þessum hörmungum.

Eftir veturinn starfar hér ótrúlega samhentur og góður hópur sem hefur þurft að ganga í gegnum erfiða tíma. Það hefur einungis styrkt okkur og hvatt til lausnamiðaðra nálgunnar á leikskólastarfið

Það er ljóst að áherslur allra starfsmanna varðandi vinnuna sína hafa breyst og starfið einkennist mun meira af hæglæti, núvitund og nánd. Það eru aðrir hlutir, aðrar áherslur sem skipta okkur máli í dag. Við finnum glöggt muninn á að vera til staðar eða mæta til vinnu, auk þess sem samskipti manna á milli eru skýrari og innihaldsríkari.

Enn stöndum við þó frammi fyrir sömu áskorunum og við höfum gert undanfarin ár. Erfitt er að finna gott starfsfólk en segja má að við höfum unnið í starfsmannalottóinu. Lítil sem engin starfsmannavelta var Sólgarðsmegin en Mánagarður missti bæði leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í veikindaleyfi.

Í Sólgarði, sem er einungis fyrir háskólanema höfum við tekið eftir því á undanförunum árum að aukning er á börnum af erlendum uppruna. Þetta má mjög líklega rekja til þess að skráningargjöld í HÍ eru með því lægsta sem gerist í heiminum og því drífur að fólk hvaðanæva að. Það er því ástæða til að benda á að á undanförunum mánuðum hefur erlent starfsfólk komið sér vel þar sem það talar móðurmál viðkomandi fjölskyldu/ barns og því verður aðlögun mun einfaldari.

Stórum áfanga var náð þegar nýjir samningar voru undirritaðir við Skóla- og frístundasvið. Megináhersla SFS var að koma innritun undir einn og sama hatt. Ekki hefur að fullu verið gengið frá því en sjálfstæðir skólar glötuðu töluverðu af sjálfstæði sínu við þá innlimun og ekki sér fyrir endan á því. Vonandi leysist það mál á næstu vikum, a.m.k. áður en vinna hefst við svokallað Reykjavíkurmódel.



Það er erfitt fyrir hvaða skóla sem er að starfa eftir pólitískum áherslum þar sem skipt er reglulega út manninum/konunni í brúnni. Rekstrargrundvöllur sjálfstæðra skóla er ótraustur í þess háttar árferði en þeir hafa löngu sannað tilvist sína með faglegri forustu, traustu húsnæði og góðum rekstri.

Samhentur starfsmannahópur Leikskóla FS hlakkar til að takast á við næsta skólavetur þar sem helstu áherslur eru að starfa í gleði og glaum með börnum háskólanema sem og annarra.

Starfsáætlun þessa árs er í þynnri kantinum þar sem ekki var farið í endurmat á hverri deild fyrir sig þar sem aðstæður síðasta árs voru á þann veg að mikið af okkar tíma fór í að skapa rólegt og styrkjandi umhverfi fyrir börn og starfsfólk, halda utan um þá sem fóru verst út úr þessum hörmungum og styðja þá sem áttu erfiða tíma.

Á komandi ári munum við einblína á valdeflingu starfsfólks, vellíðan og öryggi í starfi. Hvað starfið með börnunum varðar þá er það hægæti, núvitund og nánd sem fléttast inn í allt okkar skipulagða starf með börnunum.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Leikskóli Félagsstofnunar stúdenta hefur starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2008, en hún byggir á 40 ára langtímarannsókn þar sem hver þáttur dagskipulagsins hefur verið rannsakaður. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla. HighScope er með lykilreynsluþætti sem eru 7 yfirþættir og 58 undirþættir sem eru þættir sem lögð er áhersla á í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Yfirþættirnir í HighScope eru

- 1) Námsleiðir
- 2) Tungumál, læsi og samskipti
- 3) Félags-og tilfinningaþroski
- 4) Líkamsþroski, heilsa og velferð
- 5) Listir
- 6) Vísindi og tækni
- 7) Félagsfærni.

Undir hverjum yfirþætti eru margir undirþættir. Lykilreynsluþættirnir leiðbeina kennurum um hvernig hægt er að skilgreina athafnir og nám barna á þessum aldri þegar þau eru að byggja upp þekkingu og



skilning á heiminum í kringum þau. Með því að veita börnunum fulla athygli, með athugunum og samskiptum kynnast kennarar börnunum, læra að skilja þau og vita hvernig best er að styðja þau. Lykilreynsluþættirnir hjálpa kennurum að skipuleggja, túlka og bregðast við því sem þau sjá börnin gera. Kennarar skilja betur þroska barna með því að skoða lykilreynsluþættina og því þeir hjálpa þeim að ákveða hvað skuli gera næst. Það er auðveldara að fylgjast með þroska og vexti barnanna, deila og túlka athafnir barnanna fyrir foreldrum með lykilreynsluþættina að leiðarljósi.

Íris Dögg Jóhannesdóttir, sem starfar nú sem fagstjóri leikskóla FS er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk leikskólanna í að starfa eftir stefnunni.

Viva Engage hefur reynst ágætur vettvangur þar sem Íris mun setja inn fræðsluefni tengt HighScope fyrir starfsfólk leikskólans og vinna betur með rafræna fyrirlestra um afmarkað efni fyrir starfsfólk og foreldra á lokuðu svæði.

Ekki varð af innra mati (PQA – Preschool Quality Assessment – matskvarði frá HighScope) nema að takmörkuðu leiti þar sem Íris hefur verið í veikindaleyfi allt síðasta ár. Deildarstjórar hafa stigið inn og gert skráningar á því sem við töldum mikilvægast að mæla og skoða.

Það komu fram ýmsir styrkleikar en einnig tækifæri til umbóta, margt af því er auðvelt að bæta.

Innra mat

Við notum Preschool Quality Assessment – PQA lista frá HighScope til að meta okkar innra starf. Það er listi með kvörðunum 1-3-5 og hann tekur á námsumhverfi barna, dagskipulagi, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum.

Íris, HighScope kennari, sér um að gera þetta mat. Hún fer á deildir, metur út frá listanum og með athugunum og viðtölum við starfsfólk deilda eftir þörfum. Skorið er svo lagt saman og fengið heildarskor deildar.

Ekki var gert heildstætt mat á síðastliðnum vetri hvorki á Mánagarði né Sólgarði.

Ytra mat

HR Monitor gerði könnun í október 2023 og aftur í maí 2024.

Starfsfólk fær spurningalista í tölvupósti.

Mikil starfsánægja er meðal okkar starfsfólks og það er að sjálfsögðu alltaf ánægjulegt og við erum að koma mjög vel út í flest öllum þáttum.

Skýr framtíðarsýn er lægsta skorið okkar en undir þeim lið eru spurt hvort fólk fái reglulega endurgjöf frá sínum nánasta yfirmanni, við þurfum að vinna aðeins í þeim þætti með deildarstjórunum okkar því við viljum að sjálfsögðu frá grænt í alla reiti.





Einnig tókum við þátt í foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs og vorum himinlifandi með útkomuna þar. Það er gaman að segja frá því að eftir að við fengum niðurstöðurnar í hendur póstuðum við einu opnu svari á hverjum föstudegi til að senda okkar fólk stolt af sinni vinnu með hlýju og gleði í hjarta inn í helgina.

„Deildin sem okkar barn er á er frábær, starfsfólkið algjörlega fyrsta flokks og hefur stutt svo vel við þroska barnsins og leyft því að blómstra á eigin forsendum. Ég er mjög glöð að fyrsta leikskólareynsla barnsins míns hafi verið á Sólgarði og sérstaklega á deildinni..... „

„Barnið talar um starfsfólkið alla daga heima og segir þau vera bestu vini sína auk krakkanna.“

„Föstudagspósturinn frábær“

„Starfsfólkið á Sólgarði á allt hrós skilið!“



3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Valdefling deildarstjóra	Námskeið þar sem farið var yfir helstu atriði sem deildarsjórum finnst erfitt m.a. starfsmannaviðtöl, umhyggjusamtal,erfið foreldraviðtöl og að skrifa pósta til foreldra	Leikskólastjór i og deildarstjórar Hver ber ábyrgð, Hver fram-kvæmir	Maí 25	Maí 26	Örverkefni á deildarstjórafund um. Hópefli og samtal um raun aðstæður	Öruggir deildarstjórar sem geta tekið á starfsmannamálum auk að standa sterkir í foreldrasam
Uppeldis- og menntastarf							
Rafrænir HighScope fyrirlestrar	Íris er að taka upp stutta fyrirlestra um alla þætti dagskipulag sins og allt annað tengt HighScope og setja á workplace – þannig getur fólk horft og lært þegar því hentar	HighScope fyrirlestrar á viva engage, starfsfólk nýtir hluta af undirbúningstíma til að horfa/hlusta Nýtt starfsfólk fær þjálfun og getur svo nýtt sér myndböndin sem ítarefni	Íris Allt starfs-fólk	Maí '25	Maí '26	Endurgjöf frá starfsfólki í gegnum Viva engage eða með einka-skilaboðum Starfsfólk kemur með óskir um efni sem það vill fá	Stækkandi HighScope gagnasafn íslensku
LÁTUM DRAUMANA RÆTAST							

	og eftir þörfum						
Innra mat							
Deildarfundir	Fundarefni skráð fyrirfram svo hægt sé að undirbúa sig	Dypri samræður og betri lausnir	Deildarstjórar og aðstoðarl eikskólastjóri	sept 24	Des '25	Skráning á fundum og fundargerð,	Fara yfir skráningar og greina h verkefni eru í vinnslu - kláruð

4
 Innra mat allra deilda

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samverustundir	Virkari og fjölbreyttari samverustundir	Finna nýjar og fjölbreyttari sögur, fleiri lög og leiki	Allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst 2025	Des 2025	Fleiri hugmyndir – fjölbreyttari samverur	PQA kaflinn um samveru, ná að lágmarki 4,5

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útivera	Auka fjölbreytni í efnivið í garðinum	Þjóða upp á fjölbreyttari efnivið Vantar fleiri bíla og eldhústól í sandkassann. Finna efnivið sem reynir á vöðva og styrk, vantar efnivið til að draga, toga, ýta. Breyttur aldur, breyttar áherslur	Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennari aðstoða við leikfangaval og kaup, Deildin sér um að velja fjölbreyttari efnivið í útiverunni, setja út efni úr	Maí 25	des 25	Fara yfir útiskúrinn og flokka efnivið. Sjá þannig hvernig við getum aukið fjölbreytileikann. Skoða hvernig börnin leika í garðinum og lesa í það hvað vantar fyrir þau.	Ná amk 4,5 í PQA Sjá fjölbreyttari leik í garðinum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Breyttur aldur, yngst 9 mánaða. Þurfum að endurskoða hópastarf með tilliti til aldurs barnanna.	Nýta betur undirbúnings- tíma – hann á að vera til að undirbúa þessar stundir Það er til skipulag sem þarf að nýta. Það auðveldar bæði starfsfólki og afleysingu til að geta hoppað inn í þegar það eru veikindi eða frí.	Allt starfsfólk deildarinnar. Deildarstjóri sér um að koma skipulaginu af stað en svo hjálpast allir við að fylgja því	Júní 25	Des 25	Fjölbreyttara hópastarf og betur skipulagt, séð á skráningu	Samskipti milli allra séu góð, farið yfir árangur á fundum og metið hvernig gengur og hvort og hvað við getum gert betur
Samvera	Skipuleggja svo hún verði markvissari	Nýta betur undirbúnings- tíma – hann á að vera til að	Allt starfsfólk deildarinnar. Deildarstjóri	Júní 24	Des 24	Fjölbreyttara hópastarf og betur skipulagt, séð á skráningu	Samskipti milli allra séu góð, farið yfir

	og fjölbreyttari	undirbúa þessar stundir það er til skipulag sem þarf að nýta. Það auðveldar bæði starfsfólki og afleysingu til að geta hoppað inn í þegar það eru veikindi eða frí.	sér um að koma skipulaginu af stað en svo hjálpast allir við að fylgja því				árangur á fundum og metið hvernig gengur og hvort og hvað við getum gert betur
--	------------------	---	--	--	--	--	--

Styrkleikar: Öflugur starfsmannahópur sem hefur unnið vel saman í nokkur ár. Vanir menn – vönduð vinna



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2024 - 2025

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurftu. Börnin komu í vinnustundir í sérkennsluherbergi og unnið með þættina líka inni á deild. Skráning eftir hverja vinnustund í sérkennsluherbergi. Óformlegar skráningar inni á deildum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Smábarnalistinn og Orðaskil
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Keyptum allskonar ný spil og bækur til að nota í vinnustundum inni í sérkennsluherbergi

Mun meira samstarf sérkennslukennara beggja skóla og eftirfylgni þegar barn flytur yfir á Mánagarð



6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2025

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Með kaupum á námsgögnum til að efla íslenskan orðaforða. Einnig safnað saman gagnlegu efni sem foreldrar þessara barna geta nýtt sér heimavið.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Inni á deild er lögð áhersla á söng, lestur og almennt spjall við börnin
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Í vinnustundum er lögð áhersla á að nota fjölbreyttan og nýjan orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við reynum að fylgjast með og efla orðaforða fjöltyngdu barnanna eftir bestu getu.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Á Leikskóla FS nýtum við stundir á borð við skilaboðaskjóðu, samverustundir og hópastarf til að efla læsi og skilning. Í skilaboðaskjóðuni læra börnin að lesa úr myndunum og geta sagt frá því sem stendur þar. Samverustundir og hópastarf gefa einnig frábært tækifæri til að efla börnin í allskonar frásögnum bæði um þeirra daglega líf sem og það sem er að gerast á leikskólanum



7 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2025-2026

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Efla kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál	Halda áfram að finna skemmtilegar leiðir til að efla fjöltyngd börn í íslenskunni. Veita deildarstjórum stuðning til að efla sitt starfsfólk í að hjálpa fjöltyngdum börnum í daglegu starfi inni á deild. Til dæmis efla starfsfólk í að hafa skilaboðaskjóðu sem fjölbreyttasta	Sérkennari og deildarstjórar Verkefnastjóri fjölmennningar	Haut 2025	Endurmat des 25	Deildarstjórar fylgjast með tungumálanotkun barnsins inni á deild. Fundir með verkefnastjóra fjölmennningar	



8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar fara einu sinni á ári (eftirfylgni ef þarf) í starfsmannaviðtal til mannauðsstjóra FS.

Deildarstjórar taka svo sitt starfsfólk í viðtal auk tilfallandi umhyggjuviðtala ef þarf.

Haldið var skyndihjálparnámskeið í maí undir stjórn Herdísar Storgaard

Leikskólastjórar og deildarstjórar fóru á fjölda fyrirlestra í netheimum sem kemur sér vel að geta verið fleiri en einn og þurfa ekki að fara úr húsi ef mönnun bíður ekki upp á að fólk sé frá.

Allt starfsfólk fór á netnámskeið varðandi ofbeldi gegn börnum.

Afleysingar og eldhusfólk ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum fóru á námskeið hjá Sýni varðandi eldhús, fæðuöryggi og hreinlæti.

Nýliðanámskeið í HighScope var á sínum stað í byrjun hausts auk valdeflingarnámskeiðs fyrir deildarstjóra, fyrra og seinna námskeið.

9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Foreldrasamvinna

Dagleg samskipti eru mikilvægustu samskiptin í foreldrasamvinnunni. Við eigum í daglegum samskiptum við foreldra þrátt fyrir að samskiptin hafi líka mikið færst yfir á Karellen. Þar eru foreldrum send einkaskilaboð er varða barnið, t.d. ef eitthvað kemur upp á, barnið er veikt eða ólíkt sjálfu sér, vantar aukaföt eða annað. Foreldrar nota þetta líka til að koma skilaboðum áleiðis t.d. um hver kemur að sækja og kl.hvað og bara fyrir almennar spurningar eða vangaveltur.

Foreldrar greiða mánaðarlega í foreldrasjóð.

Foreldraviðtöl fóru fram á tímabilinu febrúar - mars

Skólarnir eru með heimasíðu, HighScope-fræðslusíðu á Facebook fyrir foreldra og vísun á Instagram síðu Mánagarðs foreldrum til upplýsinga.



Við eigum í mjög góðu og farsælu foreldrasamstarfi og eftir foreldraviðtölin kom í ljós að það er almenn ánægja með starfið, starfsfólkið og stjórnun leikskólans. Við erum þakklát og stolt af því.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar fóru í HighScope fræðslu, valdeflingu deildarstjóra, deildarvinnu og innra mat.

10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

Reykjavík 1. október 2024

F. h. leikskólans Sólgarðs

Sigríður Stephensen
Leikskólastjóri



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026

Leikskólinn Sólgarður

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.



- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu



þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Sólgarðs:

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Sólgarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlunina þar sem er lögð fram í tólf liðum. Í áætluninni kemur fram innra og ytra mat leikskólans, mat sérkennslu, umbótaáætlun, foreldrasamvinna o.fl.

Fyrir hönd foreldraráðs;



Umsögn foreldraráðs Mánagarðs:

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Sólgarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlunina þar sem er lögð fram í tólf liðum. Í áætluninni kemur fram innra og ytra mat leikskólans, mat allra deilda, mat sérkennslu, umbótaáætlun, foreldrasamvinna o.fl.

Fyrir hönd foreldraráðs;





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Sólgarður

OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Starfsdagur	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	Sumarfrí
2 F		2 S		2 Þ		2 F	Starfsdagur	2 M	Foreldravíðtöl	2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	Sumarfrí
3 F		3 M	Foreldrafundur	3 M		3 L		3 Þ	Foreldravíðtöl	3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	Sumarfrí
4 L		4 Þ	Foreldrafundur	4 F		4 S		4 M	Foreldravíðtöl	4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 F	Foreldravíðtöl	5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans/foreldravíðtöl	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	Sumarfrí
7 Þ		7 F	Starfsdagur	7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	Sumarfrí
8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	Sumarfrí
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M	Foreldravíðtöl	9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Sumarfrí
10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ	Foreldravíðtöl	10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F	Sumarfrí
11 L	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 Þ		11 F		11 S		11 M	Foreldravíðtöl	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 F	Foreldravíðtöl	12 F		12 S		12 Þ		12 F	Sumarhátíð	12 S	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Foreldravíðtöl	13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	Sumarfrí
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Uppsýningardagur	14 S		14 Þ	Sumarfrí
15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	Sumarfrí
16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur/foreldravíðtöl	16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	Sumarfrí
17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur/foreldravíðtöl	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumarfrí
18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur/foreldravíðtöl	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 S		19 M		19 F	Jóladagurinn	19 M		19 F	foreldravíðtöl	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	foreldravíðtöl	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	Sumarfrí
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumarfrí
22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf Góu	22 S		22 M		22 F		22 M		22 M	Sumarfrí
23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M	foreldravíðtöl	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumarfrí
24 F		24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ	foreldravíðtöl	24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	Sumarfrí
25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M	foreldravíðtöl	25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F	foreldravíðtöl	26 F		26 S		26 Þ	Starfsdagur	26 F		26 S	
27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F	foreldravíðtöl	27 F		27 M		27 M	Starfsdagur	27 L		27 M	Sumarfrí
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarfrí
29 M		29 L		29 M	Jólafrí	29 F				29 S	Pálmásunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	Sumarfrí
30 F		30 S		30 Þ	Jólafrí	30 F				30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarfrí
31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ				31 S				31 F	Sumarfrí